

Glæsibæjarhreppur

Afhending 2012/7

Glæsibæjarhreppur náði til strandlengjunnar milli Glerárósa og Hörgárósa og sveitarinnar þar uppaf (Kræklingahlíðar) og þelamerkur þ.e. svæðisins austan Hörgár frá ósum og inn að Öxnadalsá og Bægisá. Hreppurinn var kenndur við kirkjustaðinn Glæsibæ.

Árið 1955 var syðsti hluti Kræklingahlíðar, Glerárþorpið lagt undir Akureyri og merkin milli sveitarfélaganna þá færð frá Gleránni út að Lóninu og suðurmerkjum Ásláksstaða og Brávalla. Við þessa breytingu hvarf ytri hluti Glerárdals úr Glæsibæjarhreppi.

Hinn 1. janúar 2001 sameinuðust Skriðuhreppur, Glæsibæjarhreppur og Öxnadalshreppur og mynduðu sveitarfélagið Hörgárbyggð, en það sveitarfélag og Arnarneshreppur sameinuðust árið 2010 og úr varð sveitarfélagið Hörgársveit.

Áður hefur safninu borist 21 afhending með gögnum frá Glæsibæjarhreppi, afhendingar nr. 61, 119, 122, 221, 250, 403, 1065, 1070, 1103, 1124, 2001/12, 2002/59, 2004/69, 2005/23, 2006/52, 2007/38, 2008/49, 2010/17, 2011/16, 2013/27 og 2013/97.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

15. febrúar 2021

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2012 / 7

A	1	1	1942 - 1975	Hreppaskilabók
A	2	1	1946 - 1961	Uppboðs- og uppskriftabók
A	3	1	1939 - 2001	Úttektarbók
A	3	2	1959 - 1996	Gjörðabók utankjörfundarkosninga
A	3	3	1976 - 1997	Gjörðabók hreppstjóra Glæsibæjarhrepps
B	1	1	1947 - 1975	Bréfabók
B	2	1	1954 - 1984	Innkomin bréf.
B	2	2	1971 - 1997	Innkomin bréf; vottorð; skýrslur
C	1	1	1949 - 1976	Millimöt; viðbótar- eða endurmat; fasteignamat
C	1	2	1972 - 1973	Tilkynningar til fasteignaeiganda um nýtt/breytt fasteignamat
C	1	3	1973 - 1974	Tilkynningar til fasteignaeiganda um nýtt/breytt fasteignamat
C	1	4	1974 - 1974	Tilkynningar til fasteignaeiganda um nýtt/breytt fasteignamat
C	1	5	1975 - 1975	Tilkynningar til fasteignaeiganda um nýtt/breytt fasteignamat
C	1	6	1976 - 1976	Tilkynningar til fasteignaeiganda um nýtt/breytt fasteignamat